

MAKASKIPTASAMNINGUR

1.gr.

Undirritaðir aðilar, Ríkissjóður Íslands kt. 540269-6459, Vegmúla 3, Reykjavík, og Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði, gera með sér eftirfarandi makaskiptasamning.

2.gr.

Makaskipti eru gerð á eignarhlutum í **Sólvangsvegi 2**, Hafnarfirði, ásamt öllu því sem eignarhlutunum fylgir og fylgja ber. Nánar tiltekið með eftirfarandi hætti:

- Hafnarfjarðarkaupstaður verður 100% eigandi að hjúkrunarheimili að Sólvangsvegi 2 með fastanr. 207-6501 skráð 3.156,2 m² að stærð, byggt 1942 og 1950.
- Ríkissjóður verður eigandi þeim hluta að Sólvangsvegi 2 með fastanr. 207-6502 sem nýtt er undir starfsemi heilsugæslu um 1.454 m² að stærð auk hlutdeildar í sameign. Hafnarfjarðarkaupstaður verður hins vegar eigandi að þeim hluta húsnæðisins sem nýtt er undir starfsemi hjúkrunarheimilis um 607 m² auk hlutdeildar í sameign. Aðilar eru sammála um að rýmisstærðir, vegna þessa eignarhluta á Sólvangi, verði endanlega afmarkaðar í eignaskiptasamningi um Sólvang sem tekur mið af teikningu Arkís, dags. 27.3.2018, sem fylgir samningi þessum.

Þá eru aðilar einhuga um að með þessu verði gerð skýr skil á eignarhlutum hvors aðila um sig í Sólvangi.

3.gr.

Makaskipti eru jafnframt gerð á eignarhlutum í fasteign og lóð við **Suðurgötu 44**, Hafnarfirði. Nánar tiltekið með eftirfarandi hætti:

- Ríkissjóður verður 100% eigandi að húseigninni Suðurgötu 44, fastanr. 207-9739, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber. Um er ræða fyrrum læknastofur, byggt árið 1937 og er skráð stærð eignarinnar 885,7 m².
- Hafnarfjarðarkaupstaður verður 100% eigandi að eignarlóðinni Suðurgötu 44, landnr. 122537 skráð stærð 1.319,3 m². Hafnarfjarðarkaupstaður skuldbindur sig jafnframt til að ganga frá gerð lóðarleigusamnings um fasteignina.

Aðilar eru einhuga um að með þessu hafi sameiginlegu eignarhaldi á Suðurgötu 44 endanlega verið slitið.

4.gr.

Umsamið kaupverð verður að fullu greitt með makaskiptum þessum. Samhliða makaskiptunum falla báðir aðilar einnig frá öllum útistandandi kröfum er tengjast eignarhaldi á Suðurgötu 44 og Sólvangsvegi 2.

5.gr.

Afhending eignarhlutanna í skilningi fasteignakaupalaga fer fram við undirritun. Aðilar gera upp allar greiðslur vegna áhvílandi gjalda.

6.gr.

Aðilar þekkja vel til fasteignanna og sætta sig við ástand þeirra.

7.gr.

Á grundvelli makaskiptasamnings þessa verða gefin út afsöl til þinglýsingar um eignarhald hvors aðila.

Aðilar skuldbinda sig til að gera eignaskiptayfirlýsingu um Sólvangsveg 2 í samræmi við lög um fjöleignarhús.

Þá verður gerður lóðarleigusamningur við Ríkissjóð Íslands og Hafnarfjarðarkaupstað um þá lóð sem tilheyrir Sólvangsvegi 2.

8.gr.

Eignirnar eru seldar án kvaða og veðbanda.

Um samning þennan og réttarsamband aðila gilda lög nr. 40/2002 um fasteignakaup. Rísi mál út af samningnum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9.gr.

Samkvæmt framansögðu lýsa aðilar því hér með yfir að þeir eru réttir og löglegir eigendur að framangreindum eignum, sbr. 2. og 3. gr.

Makaskiptasamningur þessu er gerður í fjórum samhljóða eintökum.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir samning þennan með eigin hendi og í votta viðurvist.

/ 2018

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

F.h. Ríkissjóðs Íslands

Vottar að rétri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn og kt.

Nafn og kt.